

#### **4. fundur skólanefndar ársins 2013 vegna Undralands, haldinn 30. september 2013 í leikskólanum, kl. 16.00. 21. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.**

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Eggertsson, sem ritaði fundargerð, Bjarney Vignisdóttir, varamaður Gunnars Þórs Jóhannessonar og Halla Gunnarsdóttir leikskólastjóri. Kolbrún Þorkelsdóttir, fulltrúi foreldra og Arnheiður S. Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks boðuðu forföll.

#### **Dagskrá:**

- 1. Skýrsla skólastjóra.**
- 2. Ársskýrsla, lögð fram til kynningar.**
- 3. Starfsáætlun, lögð fram til kynningar.**
- 4. Skólanámskrá, lögð fram til kynningar.**
- 5. Skólastefna.**
- 6. Önnur mál.**

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

#### **1. Skýrsla leikskólastjóra.**

- ❖ Tveir nýjir starfsmenn byrjuðu í ágúst. Þórdís Bjarnadóttir leikskólakennari í 80% stöðu og Elma Jóhannsdóttir leiðbeinandi í 50% stöðu. Halldóra Halldórsdóttir sagði upp störfum 24. september 2013 og verður mikil eftirsjá af henni.
- ❖ Í vetur kemur Sigurlaug Jónsdóttir, talmeinafræðingur til okkar tvisvar í viku. Þetta er tilraunaverkefni á milli skólanna í vetur. Hún verður í 20% stöðuhlutfalli sem hún skiptir á milli skólanna eftir þörfum.
- ❖ Í vetur verða 38-39 börn hjá okkur í leikskólanum og eru tvö af þeim fædd 2012. Eitt barn hættir núna í september vegna flutninga. Miða við íbúaskrá gætum við fengið eitt barn í viðbót í leikskólann þetta starfsár.
- ❖ Lítið gerðist í lagfæringum í sumar en borið var á tréverk í garðinum og sparslað yfir stærstu skemmdir á veggjum á deildum. Það er orðið mjög aðkallandi að laga útileiktæki. Tréverkið er farið að molna niður og við það skapast aukin hætta vegna barnanna. Lokun á hurðum inni á leikskólanum þarfnast lagfæringar og mála þarf veggj inni.
- ❖ Nýr sandur kom í sandkassann og einnig var bætt á öryggismöl undir leiktækjum.
- ❖ Starfið fer vel af stað og mikið hefur verið um að vera hjá okkur. Börnin eru búin að fara í tvær vettvangsferðir. Leikskólanum var boðið í heimsókn í Slakka og svo brugðum við okkur í fjöruferð. Foreldrafélag leikskólans borgaði rútukostnað í báðum ferðunum.
- ❖ Allar deildir fóru í mislangar berjaferðir sem hæfðu hverri deild. Elstu börnin gengu að Efra Seli, miðdeildin gekk upp á Ljónastíg og yngstu börnin fengu að fara í Bjarkarhlíð. Svo sultuðu allar deildir berin og fengu börnin að taka sultuna með sér heim.
- ❖ Foreldrafélag leikskólans gaf okkur tvær gröfur í vor og eru þær afskaplega vel notaðar 😊
- ❖ Samstarf á milli skólastiganna er byrjað og er 1.bekkur m.a. búinn að koma og taka upp kartöflur með okkur. Gott skipulag er komið á þessar heimsóknir og miða þær að því að elstu börn leikskólans séu búin að kynnast öllum námsgreinum grunnskólans áður en þau byrja næsta vetur. Deildarstjóri elstu deildar og umsjónakennari 1.bekkar sjá um samstarfið.

- ❖ Ekki er hægt að heimsækja Minjasafnið Gröf þennan vetur sem er mikill missir. Hvet ég Fræðslunefnd að skoða það mál. Þetta safn hefur mikið fræðslugildi fyrir bæði skólastiginn og mikill missir ef það verður ekki opnað fljótlega.
- ❖ Námskráin er tilbúin til yfirlestrar og er hún fylgiskjal með þessari skýrslu, ásamt ársskýrslu og starfsáætlun.
- ❖ Við fáum heimsóknir reglulega í leikskólann. Hingað komu 9 konur sem vinna hjá Tómsunda- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Þeim fannst mjög athyglisvert hvað samvinna á milli stofnana hér á svæðinu er góð.
- ❖ Unnur Þórsdóttir kemur til okkar tvo morgna í vetur. Guðbjörg Jóhannsdóttir verður hennar stuðningur til að byrja með.
- ❖ Valdís Magnúsdóttir þroskaþjálfinn okkar er að sækja námskeiðin Hljóm2 og Tras. Allt er þetta liður í að skoða og fylgjast betur með þroska barnanna og einnig svo hægt sé að grípa fyrir inn í ef einhver frávik eru.
- ❖ Á starfsdeginum okkar í ágúst fengum við hana Steinunni Sabínu Halldórsdóttur hingað með námskeiðið „Færni til framtíðar“. Hún kynnti okkur ýmsar skemmtilegar leiðir til að örva hreyfifærni barna í nánasta umhverfi.
- ❖ Aðalfundur foreldrafélags leikskólans var haldinn 3.september. Ágætis mæting var. Kosin var ný stjórn og í henni sitja: Kolbrún, formaður, Valný, Eva Dís, Silke og Dúna Rut sem fulltrúi starfsfólks. Eftir fundinn fengu foreldrar tækifæri til að hitta deildarstjóra barnanna sinna og spyrja um starfið.
- ❖ Hópastarf, samvinna milli deilda, útikennsla og fleira er allt að komast í fastar skorður. Við erum að prófa okkur áfram með meiri samvinnu á milli deildanna m.a. með sameiginlegri söngstund einu sinni í viku, opnum degi einu sinni í mánuði, stöðvavinnu og ýmsu fleiru. Þetta er spennandi verkefni sem er í stöðugri þróun.

## **2. Ársskýrsla, lögð fram til kynningar.**

Leikskólastjóri lagði fram, til kynningar, ársskýrslu leikskólans fyrir skólaárið 2012-2013. Skólanefnd þakkar fyrir greinargóða skýrslu og hvetur foreldra og aðra áhugasama um starfsemi leikskólans að kynna sér efni hennar. Skýrslan verður aðgengileg á heimasíðu leikskólans, [www.undraland.is](http://www.undraland.is).

## **3. Starfsáætlun, lögð fram til kynningar.**

Leikskólastjóri lagði fram, til kynningar, starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2013-2014.

## **4. Skólanámsskrá, lögð fram til kynningar.**

Leikskólastjóri lagði fram, til kynningar, drög að skólanámsskrá Undralands sem unnin er með hliðsjón af nýrri aðalnámsskrá. Eldri námsskrá er frá árinu 2011, en námskránnu skal endurskoða á 2ja ára fresti. Námskráin verður lögð fyrir að nýju á næsta fundi til samþykktar.

## **5. Skólastefna.**

Formaður fór yfir stöðu mála, en hún er óbreytt frá síðasta fundi.

## 6. Önnur mál.

**a. Skólaþjónusta Árneshöfnings.** Formaður fór yfir stöðu mála. Skólaskrifstofa Suðurlands hættir starfsemi í lok árs og hafa sveitarfélögin í Árneshöfn, utan Árborgar, hafið vinnu við sameiginlega skólaþjónustu fyrir leik- og grunnskóla sveitarfélagana. Þeirri undirbúningsvinnu stýrir Gerður G. Óskarsdóttir sem hefur viðtæka reynslu af kennslu, stjórnun og ráðgjöf á sviði menntamála og er nú forstöðumaður Rannsóknastofu um þróun skólafélags á Menntavísindasviði HÍ.

Haldnir hafa verið fundir með skólastjórum og formönnum fræðslu-/skólanefnda. Skipað hefur verið nefnd af hálfu sveitarfélagana sem vinnur með Gerði að undirbúningnum. Stefnt er að stofnun Skólaþjónustu Árneshöfnings þann 1. desember n.k.

**b. Reglubundið viðhald.** Leikskólastjóri skýrði frá því að reglubundið viðhald skortir vegna húsnæðisins sem og leiktækja útisvæðis, sbr. ofangreinda skýrslu. Samþykkt að kanna möguleika á reglubundnum heimsóknum starfsmanna sveitarfélagsins sem sinna viðhaldi fasteigna þess, t.d. vikulega.

Fleira var ekki gert.  
Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16.50.